# KRISTA / Quest

Óskar eftir hársnyrtisveinum og meisturum í stólaleigu í Kringlunni.

Frábær staðsetning, fjölbreyttur vinnutími. eitt verð, allt innifalið.

Nánari upplýsingar veitir Nonni í s:568-9979 eða nonniquest@krista.is

# Forritari óskast

Verksvið
- Þarfagreiningar og kerfishönnun
- Þróun og smíði gagnagrunnskerfa
- Veflausnir og aðrar hugbúnaðarlausnir

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í tölvunarfræði / kerfisfræði eða verulega starfs-reynslu, góða þekkingu á gagnagrunnum, ss. Oracle og SQL Server og reynslu af .Net þróunar- umhverfi (C#, ASP.NET, XML)

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á olafur@midi.is. Umsóknarfrestur er til 3. ágúst.

www.midi.is

midi.is

# Störf hjá Landmælingum Íslands

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Laus eru til umsóknar tvö störf hjá Landmælingum Íslands (LMÍ), annars vegar starf sérfræðings í gagnagrunnum fyrir landupplýsingar og hinsvegar starf hugbúnaðarsérfræðings. Um er að ræða ráðningu í eitt ár með möguleika á framlengingu.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun staðsett á Akranesi. Meginhlutverk hennar er að sinna landmælingum og vinnslu landupplýsinga ásamt því að undirbúa innleiðingu INSPIRE-tilskipunarinnar um aðgengi að landupplýsingum. Hjá LMÍ vinna 28 starfsmenn með hæfni sem byggir á öflugri liðsheild og hópavinnu og eru LMÍ ein af fyrirmyndarstofnunum SFR 2010.

## Sérfræðingur í gagnagrunnum fyrir landupplýsingar

***Starfssvið:***
- Vinna við uppbyggingu gagnagrunna fyrir landupplýsingar.
- Vinna að lausnum sem samræma notkun landupplýsinga hjá opinberum aðilum m.a. á grundvelli INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins.

***Hæfniskröfur:***
- Háskólamenntun t.d. í tölvunarfræði, verkfræði eða landupplýsingafræði (GIS).
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi.
- Góð enskukunnátta.

***Æskilegt er að umsækjandi hafi einnig:***
- Reynslu af notkun landupplýsingahugbúnaðar.

## Hugbúnaðarsérfræðingur

***Starfssvið:***
- Vinna að hugbúnaðarlausnum til að veita aðgang að gögnum.
- Vinna við rekstur tölvukerfis LMÍ.
- Vinna að lausnum sem samræma notkun landupplýsinga m.a. á grundvelli INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins
- Vinna við ýmsar sértækar hugbúnaðarlausnir fyrir LMÍ.

***Hæfniskröfur:***
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af forritun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi.
- Góð enskukunnátta.

***Æskilegt er að umsækjandi hafi einnig:***
- Reynslu af vefforritun.
- Reynslu af rekstri tölvukerfa.

*Umsóknarfrestur er til **15. ágúst** næstkomandi og skulu umsóknir er greina frá menntun og reynslu berast til Landmælinga Íslands fyrir þann tíma. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 1. október. Um er að ræða 100% störf og eru laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna. Æskilegt er að umsækjendur búi á Akranesi eða nágrenni. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á **lmi@lmi.is** merkt **Ný störf**.*



SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2010

**LANDMÆLINGAR ÍSLANDS**
Stillholti 16-18 - 300 Akranes
Sími 430 9000 - www.lmi.is

Capacent Ráðningar

# VERKEFNASTJÓRI Í FRAMKVÆMDADEILD

LANDSNET

Landsnet annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti. Hjá Landsneti starfa um 100 manns.

**Landsnet óskar eftir að ráða verkefnastjóra í framkvæmdadeild. Verkefnastjóri hefur umsjón með áætlanagerð, undirbúningi og hönnun, ásamt því að annast verkefnastjórn á framkvæmdum vegna nýrra flutningsvirkja og endurnýjun eða endurbótum á eldri flutningsvirkjum.**

Framkvæmdadeild sér um verkefnastjórnun á framkvæmdum á vegum Landsnets. Deildin sér um verkhönnun, mat á umhverfisáhrifum, útboðsgagnagerð og byggingu flutningsvirkja.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Verkefnastjórn við hönnun og undirbúning háspennulína og tengivirkja
- Verkefnastjórn við byggingu háspennulína og tengivirkja
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna, framvinduskýrslur og skilamat
- Sérfræðingur í burðarþolshönnun háspennulína
- Undirbúningur og gerð framkvæmdaáætlana, kostnaðar- og greiðsluáætlana og eftirlit með framkvæmd slíkra áætlana
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan sem utan fyrirtækisins
- Útboðsgerð og undirbúningur verksamninga, eftirlit með framkvæmd og uppgjör samninga

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólagráða í byggingaverkfræði
- Sérfræðiþekking í hönnun háspennulína
- Minnst 5 ára starfsreynsla við verkefnastjórnun
- Geta til markmiðssetninga og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsmönnum og umhverfi
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri
- Geta til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent




# Störf í boði

Alterna leitar eftir kraftmiklu og framtakssömu fólki til þess að slást í lið með sístækkandi starfsmannahópi Alterna.

**Þjónustufulltrúi**
**(Almenn þjónusta)**
Starfið felur í sér almenna sölu og þjónustu í þjónustuveri og verslun.

**Þjónustufulltrúi**
**(Reikningar)**
Starfið felur í sér að aðstoða og veita upplýsingar til viðskiptavina vegna reikninga. Grunnþekking í bókhaldi er skilyrði.

*Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að leiðbeina og aðstoða viðskiptavini; hafa ríka þjónustulund og góða samskiptahæfni. Góð tölvuþekking er skilyrði og starfsreynsla á fjarskiptamarkaði er kostur.*

**Tæknimaður á farsímasviði**
**(Core Engineer)**
Starfið felur í sér kerfisrekstur og vandamálagreiningu á símstöðvarhluta. Símstöðvarhlutinn samanstendur af búnaði frá Huawei. Grunnþekking á helstu samskiptastöðlum GSM og IP eru skilyrði.

**Tæknimaður á sviði virðisaukandi þjónusta (VAS)**
Starfið felur í sér kerfisrekstur og vandamálagreiningu í virðisaukandi þjónustukerfum Alterna. Þar ber helst að nefna SMS og MMS kerfi. Grunnþekking á helstu samskiptastöðlum GSM og IP er skilyrði.

**Tæknimaður á sviði netreksturs**
**(Network Engineer)**
Starfið felur í sér kerfisrekstur og vandamálagreiningu á IP netbúnaði. IP netið samanstendur af búnaði frá Huawei og Cisco. Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. lokið CCNA gráðu.

*2-3 ára reynsla á þessum sviðum eða sambærilegum er æskileg. Háskólapróf í tækni- eða verkfræði er kostur. Enskukunnátta er skilyrði. Viðkomandi þarf að geta tekið bakvaktir til móts við aðra starfsmenn tæknideildar.*

**Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á atvinna@alterna.is**
**Umsóknarfrestur er til 19. júlí 2010**

Borgartúni 28 + Sími 415 3000 + www.alterna.is

alterna

## Hársnyrtir óskast!

Stólaleiga eða verktakavinna.

Upplýsingar veitir Særún Haukdal hársnyrtimeistari.

Sparta • Laugarásvegi 1 • s. 553 1755 / 896 3963

Sparta Hárstofa

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Á HEILDSÖLUSVIÐI 66°NORÐUR

66° NORÐUR

**Sjóklæðagerðin hf. – 66°Norður leitar að öflugum og drífandi einstaklingi til að sjá um móttöku og þjónustu við viðskiptavini á heildsölusviði fyrirtækisins.**

**HELSTU VERKEFNI**
- Samskipti við viðskiptavini 66°NORÐUR
- Afgreiðsla til viðskiptavina
- Móttaka pantana
- Daglegt sjóðsuppgjör

**HÆFNISKRÖFUR**
- Rík þjónustulund
- Skipulagður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi
- Kunnátta á Microsoft Dynamics AX kostur en ekki nauðsyn
- Reynsla af afgreiðslustörfum kostur
- Töluglöggur
- Gott vald á íslensku

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2010.
Umsókn sendist á **starf@66north.is**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**www.66north.is**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Aðstoðarskólastjóri Laugarnesskóla

Laus er staða aðstoðarskólastjóra Laugarnesskóla. Laugarnesskóli er grunnskóli með um 416 nemendur í 1.–6. bekk. Einkunnarorð skólans lífsgleði, nám, samvinna og kærleikur eru kjarni skólastefnu Laugarnesskóla.

**Sérstaða Laugarnesskólans er:**
- hlýlegt og aðlaðandi umhverfi
- gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag
- fjölbreyttir kennsluhættir og skapandi skólastarf
- alúð lögð við menningararf skólans
- umhverfisvitund
- námsmat sem endurspeglar fjölbreytileika nemenda og styrkir þá í sjálfstæðum vinnubrögðum
- jákvæð agastjórnun
- vel menntað starfsfólk

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun
- Stjórnunarreynsla í skólastarfi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða kennslu
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Stjórnunarhæfileikar

Mikilvægt er að umsækjendur hafi skipulagshæfileika, samstarfsvilja, jákvætt viðmót og ríka þjónustulund. Forsenda er að umsækjendur hafi áhuga á að vinna með börnum og fjölbreyttum hópi starfsmanna auk þess sem frumkvæði og metnaður er nauðsynlegur.

Staðan er laus frá og með 1. september 2010 og umsóknarfrestur er til 23. júlí. Umsóknum fylgi yfirlit um nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar.

Upplýsingar gefa Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla; sigridur@laugarnesskoli.is / sími 664 8300 og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar; valgerdur.janusdottir@reykjavik.is / sími 411 1111.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Þar er einnig að finna ítarlegri upplýsingar um starfið.

## Hringiðan Internetþjónusta

# Kerfisstjóri

**óskast til starfa við Internetþjónustu.**

Æskileg menntun og reynsla:

MCSA,MCSE eða sambærileg próf

Reynsla af rekstri á Linux, Windows 2003 & 2008 þjóna
Reynsla af rekstri á IIS og Apache vefþjónum
Reynsla af rekstri tölvupóstþjóna (Exchange ofl.)
Reynsla og þekking á rekstri DNS þjóna og gagnagrunna
Reynsla af Microsoft og VMWare sýndarþjónum
Kunnátta á ASPX og PHP er æskileg

Góðir samskiptahæfileikar og hæfni í íslensku og ensku
Æskileg reynsla af kerfissumsjón

Áhugasamir sendi umsókn á: atvinna@vortex.is

Hringiðan ehf. er ein elsta internetþjónusta á Ísland. Hringiðan ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingi með mikinn áhuga á tölvum og upplýsingatækni til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

www.hringidan.is

## vodafone



# Spennandi tækifæri

### Þjónustufulltrúi í þjónustuveri

Starfið felst í því að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu og vörur Vodafone, auk þess að fylgja málum viðskiptavina eftir til enda. Í síma 1414 svara vel þjálfaðir starfsmenn þjónustuvers sem staðsett er í Skútuvogi í Reykjavík.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af þjónustustörfum
- Rík þjónustulund
- Skipulagshæfileikar og áræðni

### Sölumaður í verslun

Starfið felst í því að veita upplýsingar og ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja um þjónustu og vörur Vodafone. Verslanir Vodafone á höfuðborgarsvæðinu eru í Kringlunni, Smáralind og í Skútuvogi.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af þjónustu- og sölustörfum
- Ánægja af sölumennsku
- Snyrtimennska og fáguð framkoma

Um skemmtileg störf er að ræða sem henta vel þeim sem hafa áhuga á tækni og nýjungum og vilja veita framúrskarandi þjónustu. Í báðum störfum er góð ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg. Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg. Leitað er að kraftmiklu fólki sem hefur metnað og frumkvæði.

**Fyrirspurnir má senda á starf@vodafone.is en umsóknir þurfa að berast um vef Vodafone fyrir 20. júlí næstkomandi.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

## Icelandexcursions Allrahanda — Gray Line

### Starfsmaður á verkstæði

**Óskum eftir að ráða bifreiðasmið, bifvélavirkja eða mann vanan viðgerðum og smíði stórra bifreiða. Umsóknarfrestur er til 19. júlí, umsóknum skal skila á tölvupósti, runar@allrahanda.is.**

Iceland Excursions Allrahanda er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.



Nánari upplýsingar gefur Rúnar
sími: 540-1303 / 660-1303
netfang: runar@allrahanda.is

www.allrahanda.is



# Vélfræðingur

Laust er til umsóknar starf vélfræðings hjá Jarðborunum hf. Í boði eru samkeppnishæf laun og fjölbreytt verkefni á vinnustað þar sem metnaður ríkir til góðra verka.

**Meðal helstu verkefna:**

- Daglegur rekstur hátæknibora
- Viðhald tækjabúnaðar
- Skráning í STAR viðhaldskerfi

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Full vélfræðingsréttindi
- Góð enskukunnátta
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki, reglusemi og áreiðanleiki

HAGVANGUR

**Nánari upplýsingar veitir:**
Brynhildur Halldórsdóttir, brynhildur@hagvangur.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí næstkomandi.**
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota af nýjum hátækniborum. Jarðboranir hf. á dótturfélög í Þýskalandi, á Azoreyjum og í Bretlandi.

JARÐBORANIR HF

Jarðboranir hf. Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur Sími: +354 585 5200 www.jardboranir.is

## Tónlistarskólakennarar á Vopnafirði

Tónlistarskólakennarar óskast til starfa við Tónlistarskóla Vopnafjarðar. Um er að ræða starf skólastjóra og kennara skólans. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf við upphaf næsta skólaárs.

Um er að ræða mjög spennandi störf í áhugaverðu og barnvænu umhverfi, þar sem rík hefð er fyrir margvíslegu menningarlífi.

Jafnframt því að störfin feli í sér almenna tónlistarskólakennslu í skólanum er einnig hugsunin að starfinu fylgi starf organista í Hofsprestakalli.

Laun eru skv. kjarasamningum F.Í.H.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður, Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri í síma 473-1300/896-1299.
Netfang: steini@vonafjardarhreppur.is

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, eigi síðar en mánudaginn 26. júlí nk.

*Sveitarstjórinn Vopnafirði*

# Innri endurskoðandi

## Laus er til umsóknar staða innri endurskoðanda Byrs hf.

BYR

**Meðal helstu verkefna:**

- Úttektir og mat á innra starfi og virkni innra eftirlits
- Úttektir á starfsemi einstakra eininga og fyrirtækisins í heild
- Skýrslugerð til stjórnar um einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði innri endurskoðunar æskileg
- Reynsla af störfum innan fjármálafyrirtækja mjög æskileg
- Góðir greiningarhæfileikar
- Frumkvæði og fagmennska í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til 20. júlí**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

## AÐSTOÐ Á TANNLÆKNASTOFU

Aðstoð óskast á tannlæknastofu í Reykjavík. Um er að ræða 70% starf og þarf viðkomandi að getað hafið störf í byrjun september. **Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merktar "Tanntæknir/Aðstoð 1007"**

## Ný og ein glæsilegasta hársnyrtistofa landsins hefur opnað á Laugavegi 94.

Óskum eftir fagfólki í stólaleigu. Frábært umhverfi. Áhugasamir sendi umsókn á atvinna@harvorur.is. Frekari upplýsingar í síma 866-3381

Hárvörur ehf.

## Matreiðslumaður/kona óskast.

Þríund hf. vill bæta við metnaðarfullum matsveini.
Þríund hf. rekur tvö veitingahús á besta stað í Reykjavík.

Ef að þú uppfyllir eftirfarandi skilyrði þá gætir þú verið rétti maðurinn.

- Hugmyndaríkur og skapandi.
- Góður stjórnandi sem á auðvelt með að vinna með fólki.
- Reglusamur, stundvís og skipulagður.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Fullum trúnaði heitið.
Áhugasamir sendið umsókn á netfang:
thriund@simnet.is eða í síma 863-8900.

BARNAVERNDARSTOFA

## Fósturforeldrar óskast

Barnaverndarstofa óskar eftir fósturforeldrum fyrir 11 ára gamalt barn sem á við hegðunarvanda að glíma sem tengist einhverfu.

Sérstaklega er óskað eftir fólki sem hefur menntun og/eða reynslu af því að vinna með börn með slíkan vanda t.d. þroskaþjálfa. Um er að ræða s.k. styrkt fóstur og er því gert ráð fyrir að verkefnið feli í sér 100 % starf. Leitað er að fólki sem hefur áhuga á velferð barna, getur sýnt hlýju, er lipurt í samvinnu og er tilbúið til að vinna með öðru fagfólki.

Áætlað er að fóstur hefjist sem allra fyrst eða eftir samkomulagi. Vinsamlegast sækið um fyrir 25. júlí, 2010.

Nánari upplýsingar veitir Barnaverndarstofa í síma 530 2600.

ÍSOR
ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR
ICELAND GEOSURVEY

Grensásvegi 9 • 108 Reykjavík • Sími 528 1500 • isor@isor.is • www.isor.is

## Sérfræðingur á sviði forðafræði jarðhitasvæða

Starfið felur í sér fjölbreytta vinnu á sviði jarðhitafræða:

- forðafræðirannsóknir
- líkanreikningar fyrir jarðhitakerfi
- ráðgjöf, kennslu og þjálfun í jarðhitafræðum

Nánari upplýsingar um starfið, menntunar- og hæfniskröfur má sjá á vef ÍSOR: **www.isor.is**

*Vakin er athygli á því að ÍSOR leggur áherslu á að auka hlutfall kvenna og yngra fólks í starfsliði sínu.*

*Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil þurfa að berast Guðnýju Þórsdóttur, starfsmannastjóra ÍSOR, gudny@isor.is, eigi síðar en **3. ágúst 2010**.*

*Öllum umsóknum verður svarað.*

*ÍSOR er eitt stærsta og öflugasta fyrirtæki heims í rannsóknum og jarðvísindaþjónustu við jarðhitaiðnaðinn.*

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

## Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Landspítala

Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Á spítalanum er veitt sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum, fyrir alla landsmenn og almenn sjúkrahúsþjónusta fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins. Nánar er kveðið á um hlutverk hans í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Á Landspítala starfa á fimmta þúsund starfsmenn og er spítalinn stærsti vinnustaður á Íslandi.

Forstjóri ber ábyrgð á að Landspítali starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem heilbrigðisráðherra setur. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem spítalinn veitir og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður aðra starfsmenn spítalans. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist honum í starfi og búa yfir reynslu af rekstri og stjórnun. Gerð er krafa um mikla samskipta- og leiðtogahæfileika.

Hæfni umsækjenda verður metin af þriggja manna nefnd sem skipuð er af heilbrigðisráðherra skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Skipað er í stöðuna til fimm ára í senn frá 1. október 2010. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um embættið. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Upplýsingar um starfið veita Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri (berglind.asgeirsdottir@hbr.stjr.is) og Sigurjón Ingi Haraldsson, skrifstofustjóri (sigurjon.ingi.haraldsson@hbr.stjr.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eða á postur@hbr.stjr.is eigi síðar en 30. júlí 2010.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.




## Snyrtifræðingur

### Ertu fyrsta flokks fagmaður?

Við erum að leita að nýjum liðsfélaga til þess að starfa á fjörugum og fjölbreyttum vinnustað.

Við borgum góð laun og erum með hvetjandi bónuskerfi sem skilar góðum fagmanni enn betri tekjum. Ef þú ert dugleg, stundvís og skemmtileg þá ert þú velkomin í hópinn okkar.

Sendu inn umsókn á hronn@aveda.is eða hringdu í Hrönn í síma 581 16 66.

UNIQUE hár & spa er fyrsta Aveda lífstíls hárgreiðslustofan og spaið á Íslandi. Á spainu er boðið uppá allar vinsælustu spa líkamsmeðferðir Aveda ásamt hefðbundinni þjónustu snyrtistofa.

Unique hár og spa, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, S: 552 6789
www.unique.is

AVEDA

# TALSMENN ÓSKAST

## Tal leitar að þjónustufulltrúum til starfa í þjónustuver og verslun.

**Þjónustufulltrúar Tals eru samheldinn hópur sem sinnir viðskiptavinum af alúð í samræmi við þjónustu- og gæðastefnu Tals. Starfið felur í sér símsvörun, sölu og tæknilega aðstoð.**

Talsmenn eru þjónustulundaðir og jákvæðir. Þeir sýna frumkvæði og metnað og hugsa í lausnum. Þeir hafa áhuga á tækni og nýjungum; eru snyrtilegir og stundvísir.

Æskilegt er að umsækjendur búi að almennri tölvufærni og séu með stúdentspróf eða sambærilega menntun. Reynsla af störfum í fjarskiptum er kostur. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sendu umsókn þína um starf þjónustufulltrúa á atvinna@tal.is
**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí og allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

Tal

## Auglýsingasími
512 5401




Allt sem þú þarft...

RE/MAX®

*Framúrskarandi árangur á ögrandi tímum.*

**Söluhæstir árið 2009**



RE/MAX

Skráðu fasteignina þína hjá okkur og við seljum hana!



Ástþór Reynir
**899 6753**

Gunnar Sverrir
**862 2001**

## Sérhæfum okkur í sérbýlum

Við bjóðum 10 næstu viðskiptavinum sem skrá sérbýli í sölu hjá okkur, út að borða fyrir 2 á Gandhi, nýjan glæsilegan indverskan veitingastað við Pósthússtræti 17.

gandhi
RESTAURANT

## Álfkonuhvarf 13

203 Kópavogur
Nýlegt og vandað parhús

**Stærð: 207,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2004**
**Brunabótamat: 0**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 17.00 - 17.30**

**Verð: 56.900.000**





RE/MAX SENTER KYNNIR: Glæsilegt, fullbúið og vel staðsett 207,9 fm parhús á góðum stað í Kópavogi við Elliðavatn. Stór og fallegur garður með harðviðarpalli og heitum potti. Skjólgirðing úr harðvið er umhverfis lóðina. Forstofa með flísum, skáp og hita í gólfi. Úr forstofu er innangengt í 30fm bílskúr með 8fm geymslu. Snyrting með upphengdu salerni, stóru baðkari/setlaug, flísum og hita í gólfi. Sjónvarpshol með útgengi í garð. Tvö svefnherbergi eru á neðri hæð hússins. Stiga með fallegu handriði úr burstuðu stáli og gleri. Efri hæðin er björt með góðri lofthæð. Tvö svefnherbergi eru á hæðinni ásamt snyrtingu með sturtu. Vandaðar innréttingar eru í herbergjum, snyrtingu og eldhúsi. Stofa og borðstofa eru ásamt eldhús opið rými með halogen lýsingu í lofti og útgengi út á flísalagðar svalir sitt hvoru megin við húsið. Eldhúsið er með stóri eyju, gaseldavél, tækjum úr burstuðu stáli. Garðurinn er stór og afgirtur með áhaldaskúr, stórri grasflöt og heitum potti á harðviðarpalli. Húsið stendur á tæplega 800fm lóð. Örstutt í leikskóla, skóla, íþróttaaðstöðu og verslanir. Hús sem henntar einstaklega vel fyrir barnafjölskyldu.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

## Hofgarðar 26

107 Reykjavík
Fallegt einbýli á vinsælum stað

**Stærð: 326,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1982**
**Brunabótamat: 0**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 17.00 - 17.30**

**Verð: 99.000.000**





RE/MAX SENTER KYNNIR: Glæsilegt 326,3 fm einbýlishús við Hofgarða á Seltjarnarnesi.  Húsið er vel staðsett en þad stendur innst i botnlanga á 868 fm eignarlóð.  Hiti i innkeyrslu. Arkitekt er Magnús Skúlason. Innanhús-akitekt  er Árni Þórolfsson. Garðurinn er teiknaður af Stanislas Bohic. Á aðalhæð hússins eru stofur, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, tvö baðherbergi, snyrting og forstofa.  Á jarðhæð er 65 fm 2ja herbergja íbúð með sér inngangi sem búið er að sameina efri ibudinni. Lýsing: Komid er inn i  flísalagða forstofu. Inn af forstofu er flisalögð snyrting, nýlega endurnýjud. Stofurnar eru þrjár parket á gólfum með útgengi út í garð. Arinn er i stofum. Í garðinum er timburverönd sem snýr til sudurs.  Í elhúsinu er sérsmíðuð viðarinnrétting og parket á gólfi. Inn af eldhúsinu er þvottahús. Herbergin eru fjögur með parketi á gólfi. Inn af hjónaherbergi er nýlega uppgert baðherbergi flísalagt med sturtu.  Mikil lofthæd er i húsinu. Parketið á gólfum er gegnheill hlynur.  Á jardhæd hússins er snyrtileg 2ja herbergja ibúð með sérinngangi (í dag opið á milli), en einnig er innangengt i fullbúinn bílskur með vinnuaðstoðu.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

## Laugavegur 27

101 Reykjavík
Flott eign í miðbænum

**Stærð: 77 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 0**
**Brunabótamat: 17.350.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 15.30 - 16.00**

**Verð: 19.900.000**





RE/MAX SENTER KYNNIR: MIKIÐ ENDURNÝJAÐA OG FALLEGA IBÚÐ Á GÓÐUM STAÐ MEÐ AUKAHERBERGI TIL ÚTLEIGU.
íbúðin skiptist í, stofu, eldhús, svefnherbergi og þvottahús/geymslu.  Björt stofa með mikilli lofthæð og skrautlistum í lofti, eikarparket á gólfi. Eldhúsið er með fallegri hvítri innréttingu með flísum á milli skápa, keramik helluborði og ofn.  Svefnherbergið er með góðum skáp. Baðherbergið er með flísum á gólfi og veggjum,nýlegur sturtuklefa. Íbúðinn hefur verið  endurnýjuð að mestu leiti á undanförnum árum. Mjög sjarmerandi eign í miðbæ Reykjavíkur þar sem stutt er í flest alla þjónustu og menningu.

Allar upplýsingar um eignina gefur Gunnar Sverrir í síma 8622001 eða á gunnar@remax.is og Ástþór Reynir í síma 8996753 eða á arg@remax.is



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

## Klapparstígur 35

101 Reykjavík
Rúmgóð og falleg íbúð í 101 RVK

**Stærð: 101 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1996**
**Brunabótamat: 0**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 15.30 - 16.00**

**Verð: 34.900.000**





REMAX SENTER KYNNIR: Glæsileg 101 fm 3ja herbergja íbúð auk stæði í bílageymslu í góðu litlu fjölbyli með lyftu.
Íbúðin snýr inn í port sem gerir það að verkum að ekki heyrist frá götu. Íbúðin er inn af sameiginlegum stigagangi sem er með steinteppi. Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Þaðan er gengið beint inn í eldhús sem er með flísum á gólfi, granít á borði, vandaðri innréttingu úr kirsuberjavið. Flísar eru á milli skápa og gert er ráð fyrir tvöföldum ísskáp. Tæki í eldhúsi eru frá Smeg. Eyja sem er notuð sem barborð skilur að eldhús og rúmgóða parketlagða stofu. Þar er gert ráð fyrir stofu og borðstofu. Út frá stofu er gengið út á rúmgóðar flísalagðar suðursvalir. Frá forstofu er gengið inn parketlagða svefnherbegisálmu. Þar er hjónaherbergi með miklu skápaplássi og gluggum í gólfhæð, parket á gólfi. Barnaherbergi er við hlið svefnherbegis, þar er skápur og parket á gólfi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtu og baði. Gott skápapláss er inni á baði og þar er gert ráð fyrir þvottavél. Allar upplýsingar gefa Gunnar Sverrir 862-2001



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

Hnoðravellir




Frostafold




Kirkjusandur




Laugavegur




Naustabryggja




Laugavegur




Brekkutún




Hamravík




Langalína




Mururimi




Ystasel




Selvogsgrunn




## Hverafold 114

112 Reykjavík
Fallegt einbýlishús í grónu hverfi

**Stærð: 265 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1987**
**Brunabótamat: 54.850.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús á mánudaginn kl 20.00 - 20.30**

**Verð: 59.600.000**





RE/MAX SENTER KYNNIR: Fallegt og vel skipulagt sjö herbergja 265 fm, einbýlishús á tveimur hæðum ásamt björtu rísi og innbyggðum bílskúr. Húsið sjálft er 237 fm og bílskúrinn er 28 fm. Húsið er afar vel skipulagt, öll rýmin eru mjög rúmgóð. Tvö baðherbergi eru í húsinu og fimm svefnherbergi þar af er eitt þeirra með sér inngangi. Gólfefni eru parket og flísar. Komið er inn í forstofu með flísum á gólfi og fataskáp. Inn af forstofu er gestasnyrting. Gengið er inn hol sem er nýtt sem sjónvarpsstofa, útgengt er í garð úr holi. Stofan er björt og rúmgóð. Eldhús er fremur stórt með borðkrók. Háfur er yfir eldavél og tengi er fyrir uppþvottavél. Mjög gott skápapláss er í innréttingunni, flísar eru á milli skápa. Á svefnherbergisgangi eru þrjú barnaherbergi og hjónaherbergi einnig baðherbergi með baðkar og sturtu, gengið er niður stiga úr holi og inn í svefnherbergi sem er með anddyri og sér inngangi. Bílskúr er innbyggður alls 28 fm. Lóðin er í góðri rækt með stórum palli sem snýr til suðurs og er mjög skjólsælt í garðinum.
Húsið er í gróinni götu í Grafarvogi á móti suðri. Stutt er í alla helstu þjónustu og skóli í göngufæri.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



## Lækjarsel 6

109 Reykjavík
Mikið endurnýjað einbýlishús

**Stærð: 331,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1984**
**Brunabótamat: 58.000.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús á mánudag kl 18.30 - 19.00**

**Verð: 69.600.000**





